

Stjórnarfundur Leiðsagnar. Fjarfundur haldinn 28. desember 2023 kl.20:00

Mættir aðalmenn:

Snorri Steinn Sigurðsson – (SSS) starfandi formaður
Dóra Magnúsdóttir (DM) ritari
Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri
Halldór Kolbeins (HK)
Hallfríður Þórarinsdóttir (HP)

Mættir varamenn:

Jóhanna Magnúsdóttir (JM) - varamaður
Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) – varamaður

Snorri Steinn biður HP um að taka að sér starf ritara því DM getur ekki sinnt því á þessum fundi. Tillaga samþykkt.

Dagskrá fundar samkvæmt fundarboði.

1. Boðun aukaáðalfundar í lok janúar. Það þarf að athuga með fundarsal á Stórhöfða svo hægt sé að senda út fundarboð. Fundarefni eru lagabreytingar sem ekki náðust á aðalfundi s.l. vor.

Atkvæðagreiðsla um boðun: SSS, HK, HP samþykkt. DM situr hjá og vill leggja fram bókun, sem hún mun senda innan 24 klukkustunda. GME situr hjá. Eftirfarandi bókun undirrituð af Dóru Magnúsdóttur og Guðný Margrét Emilsdóttur, barst fundarritara kl. 18:02, 29. Desember og færist hér inn í fundargerð:

Undirritaðar telja ekki tímabært að tímasetja auka-aðalfund fyrr en til þess bærir sérfræðingar hafa metið lagabreytingar félagsins sbr. starfsreglur vegna umsagna Laganefndar ASÍ og að áhrif breytinga á reglugerð sjúkrasjóðs á fjárhagsstöðu og greiðslugetu sjóðsins til sjóðfélaga til langrar framtíðar verði metnar. Það er óábyrgt að afgreiða breytingartillögurnar óbreyttar frá síðasta aðalfundi enda var þeim vísað til auka-aðalfundar til að ofangreind vinna færi fram. Það er hlutverk stéttarfélagsins Leiðsagnar að sjá til þess að lög félagsins séu skýr og að rekstur sjúkrasjóðs sé sjálfbær.

Af því leiðir að endurskoðun á stöðu sjúkrasjóðs og mat á áhrifum breytinga á reglugerðinni er forsenda þess að hægt sé að bera breytingartillögur undir auka-aðalfund. Lögfræðingur félagsins hefur gert óformlegar athugasemdir við að sjúkra- og orlofssjóði sé skeytt saman í einn sjóð og þarf álit sérfræðings á því þar að auki að liggja fyrir um það. Jafnframt bendum við á að hvorki hefur verið haft samráð við réttkjörinn formann félagsins vegna boðunar auka-aðalfundarins, né stjórn sjúkrasjóðs sem hlýtur þó að vera forsenda þess að hægt sé að tímasetja og ákveða dagskrá auka-aðalfundar. Við teljum jafnframt að lagabreytingar Leiðsagnar eigi að fara fram samhliða mótun framtíðarsýnar líkt og formaður benti á á félagsfundum þ. 6. desember sl.

2. Verkefni stjórnar. SSS starfandi formaður tók við eftir að fyrrum formaður Jóna Fanney Friðriksdóttir vék úr starf, sbr., bókun sem send í tölvupósti 18. desember s.l. SSS spyr hverjir geti veitt aðstoð á skrifstofu – þar liggur fyrir mikil vinna – HP, HK, SAÁ og GME, bjóða öll fram krafta sína.

SSS, segir að ljósi stöðunnar, líti hann svo á að JFF fái greidd laun t.o.m. 18. desember fyrir störf sem formaður og sömuleiðis störf á skrifstofu. Samþykkt af öllum aðalmönnum nema DM.

SSS, segir spurningu um hvort það sé eðlilegt að hafa ekki líka starfandi varaformann. SAÁ leggur fram tillögu um að HK gegni þeirri stöðu. DM og GME sitja hjá en SSS, HB og SAÁ samþykkja. HK kys ekki því þetta snýst um hann.

Guðný Margrét Emilsdóttir, lagði fram eftirfarandi bókun við þennan lið, sem barst fundarritara kl. 21:15, 29.des 2023.

“Undirrituð, spyr hvort ekki sé sérstakt og hvort nauðsyn sé að skipa sérstakan varaformann ef formaður vikur tímabundið úr starfi sínu, og þá væntanlega mjög tímabundið!. Er það nauðsynlegt? Og hefur staðgengill formanns það vald án þess að spyrja lýðræðislega kosinn formann?”

GME gerði jafnframt eftirfarandi athugasemd við þennan lið, sem barst í sama tölvupósti:

„vék tímabundið úr starfi formanns.....“ lagfæra orðalagið þ.e. tímabundið (mjög mikilvægt).“

3. Önnur mál.

Prókúra. Sem stendur er JJF ein með prókúru yfir bankareikningum Leiðsagnar SSS leggur til að starfandi formaður – hann sjálfur – og gjaldkeri GME fái bæði prókúru. Tillaga samþykkt með öllum atkvæðum aðalmanna. SSS athugar málið hjá bankanum á morgun 29. desember.

Eftirfarandi bókun við liðinn „Önnur mál“, barst fundarritara kl. 21:15 þann 29.12.

"Undirrituð, vill árétta að allir stjórnarmenn virði og fari eftir settum og samþykktum starfsreglum af stjórn og trúnaðarráði, um tímasetningar á bókunum þ.e. þær ber að senda til ritara stjórnar innan ákveðins tímaramma, sjá starfsreglur. Það gengur ekki upp að sumir stjórnarmenn fái lengri frest að senda inn bókanir en aðrir.ekki Og hvenær og hverjir fá lengri frest? Hver ákveður hverjir fá lengri frest og af hverju?Jafnt skal ganga yfir alla."

DM spyr um bókun frá síðasta stjórnarfundum. SSS segir að henni hafi verið svarað í pósti 21. desember. DM leggur til - í samræmi við tillögu sem hún sendi út fyrr í haust – að stjórn fundi með fagráði 8. janúar n.k. SAÁ vill að ákvörðun um sameiginlegan fund með fagráði verði frestað til næsta stjórnarfundar. Tillagan er felld. SSS mun því boða til þessa fundar á næstu dögum. SSS mun ennfremur boða til stjórnarfundar þann 3. janúar n.k.

Fundi slitið kl. 20:36.